Samantekt valnefndar

WildCard-pláss Úrvalsdeildarinnar 2024

Líkt og kynnt var í regluverki Úrvalsdeildarinnar 2024 voru þrír einstaklingar í valnefnd. Einn úr stjórn ÍPS, einn pílukastari og einn fulltrúi Stöð 2 Sport. Nefndarmenn máttu ekki hafa tryggt sér sæti sjálfir né velja sjálfa sig. Í nefndinni voru þeir Magnús Gunnlaugsson, stjórnarmaður ÍPS, Helgi Pjetur, pílukastari og Egill Birgisson íþróttapródúsent hjá Stöð 2 Sport.

Skv. regluverkinu komu aðeins til greina þeir pílukastarar sem tóku þátt í amk einu UK móti í maí og júní. Nefndarmenn völdu leikmenn hver í sínu lagi og hittust svo til að bera saman bækur áður en tilkynnt var hvaða 3 kastarar fengu WildCard pláss.

Nefndarmenn völdu leikmenn aðalega útfrá árangri í UK mótunum ásamt árangri í öðrum mótum á árinu 2024.

Hér er val á efstu 5 leikmönnum frá hverjum nefndarmanni:

Magnús
1. Lukasz Knapik
2. Arngrímur Anton
3. Edgars Kede Kedza
4. Kári Vagn Birkisson
5. Hallgrímur Hannesson

Helgi Pjetur
1. Lukasz Knapik
2. Arngrímur Anton
3. Kári Vagn Birkisson
4. Edgars Kede Kedza
5. Karl Helgi Jónsson

Egill Birgisson
1. Arngrímur Anton
2. Lukasz Knapik
3. Kári Vagn Birkisson
4. Guðmundur Friðbjörnsson
5. Edgars Kede Kedza

Niðurstaðan var því val nefndarinnar á eftirfarandi þremur pílukösturum.

Lukasz Knapik
Lukasz keppti í þremur Undankeppnum þar sem spilamennska hans var mjög stöðug og skilaði honum tvisvar í 8 manna úrslit og alla leið í úrslitaleik í UK4 í Reykjanesbæ þar sem hann þurfti að játa sig sigraðan gegn Gunna Hó. Lukasz er reynslumikill pílukastari sem hefur spilað í efstu deildum ÍPS deildarinnar undanfarin ár.

Arngrímur Anton Ólafsson
Arngrímur Anton (“Toni”) hefur verið meðal fremstu leikmanna á Íslandi undanfarin 2 ár þar sem hann hefur spilað í Kristals og Gulldeild ÍPS deildarinnar. Landsmenn sáu Tona einnig keppa fyrir Íslands hönd á World Cup of Darts ásamt Pétri Rúðrik þar sem þeir félagar skráðu sig á spjöld sögunnar með því að vinna fyrsta sigur Íslands í keppninni. Toni tók þátt í tveimur UK mótum þar sem hann beið lægri hlut gegn sigurvegurum beggja móta í undanúrslitum (UK2 - Árni Ágúst) og átta manna úrslitum (UK4 - Gunni Hó).

Kári Vagn Birkisson
Kári Vagn tók þátt í öllum fjórum undankeppnum Úrvalsdeildarinnar þar sem spilamennska hans var afar stöðug en hann komst í tvígang í 8 manna úrslit en í öllum fjórum mótunum var Kári á top10 yfir hæsta meðaltal leikmanna. Kári sem er aðeins 13 ára gamall er núverandi Íslandsmeistari undir 14 ára karla og tók á dögunum þátt í sínu fyrsta Evrópumóti Ungmenna fyrir Íslands hönd þar sem hann gerði sig lítið fyrir og vann alla leiki í riðilakeppni bæði í einmenning og í tvímenning með félaga sínum Axel James. Karla-liðið fór síðan alla leið í 16 manna úrslit keppninnar.